

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Strandasýslu um atkvæðisrjett sýslu- 6
nefndaroddvita. 21. mars

Jafnframt því að geta þess, að á aðalfundi sýslunefndar Strandasýslu hafi 4 atkvæði gegn 4 verið greidd með tillögu einni, og að sýslunefndaroddviti hafi lýst tillöguna samþykta, með því að hans atkvæði var eitt þeirra fjöggra, sem með tillögunni voru greidd, hafa þeir Magnús hjeradslæknir Pjetursson, Jón prestur Brandsson, Jón verslunarstjóri Finnsson og Páll bóndi Gíslason í erindi, dags. 21. sept. f. á., beint þeirri fyrirspurn til stjórnarráðsins, hvort umræddur úrskurður oddvita sje rjettur og nefnd tillaga löglega samþykkt. Eftir að stjórnarráðinu hefir borist umsögn yðar, herra sýslumaður, dags. 7. des. f. á., um tjeð erindi, skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir fyrirspyrjendunum það, sem hjer greinir.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 verður að telja sýslumann sýslunefndarmann, sbr. meðal annars 55., 66. og 76. gr. laganna, og að hann hafi atkvæðisrjett á sýslunefndarfundum alveg á sama hátt og aðrir sýslunefndarmenn og megi greiða atkvæði hvort heldur samhliða hinum nefndarmönnum, t. d. eftir stafrófsröð, eða á eftir þeim, og þar sem nú 66. gr. sveitarstjórnarlaganna mælir svo fyrir, að atkvæði sýslunefndaroddvita skuli ráða úrslitum, þegar jöfn eru atkvæði bæði með og móti, þá verður að telja framangreinda tillögu löglega samþykta, er sýslumaður var einn þeirra 4, sem henni greiddu atkvæði.

Auglýsing

7
9. jan.

um breyting á gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfirði.

Síðasta málsgrein 3. gr. í gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfirði frá 12. febrúar 1913 orðist þannig:

Fyrir öll skip og báta, hvort heldur þau eiga heima í Hafnarfirði eða annarstaðar, er vatn taka við hafskipabryggjuna, skal greiða kr. 1.50 í gjald fyrir smálest hverja.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, til að öðlast gildi 15. janúar 1914, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 9. janúar 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.